

47. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 29. apríl 2025, kl. 11, innviðaráðuneyti.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Gísli Jóhann Hallsson (Samband íslenskra sveitarfélaga), Halldóra Kristín Unnarsdóttir (Landssamband smábátaeigenda), Guðmundur Óskarsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmþæknimanna), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Trausti Jörundarson (Sjómannasamband Íslands), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (SGS), Fannar Gíslason (Vegagerðin).

Gestir: Þorsteinn Þorkelsson (SGS), Jón Þór Víglundsson og Björn Gunnarsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Dagskrá fundar:

1. Fyrirhugað nám Slysavarnafélagsins Landsbjargar til skipstjórnar og vélgæslu á nýjum björgunarskipum félagsins: Kynning frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu
2. Áform IRN um frumvarp til breytinga á lögum um áhafnir skipa nr. 82/2022 – tengist dagskrárlið 1
3. Öryggisáætlun sjófarenda: Kynning frá Samgöngustofu

Fundur settur af formanni ráðsins. Farið yfir ástæður þess að rúmt ár hefur liðið síðan síðasti fundur var haldinn, meginástæðan eru ráðherraskipti.

Fundarmenn kynna sig, svo er farið yfir reglur ráðsins og fundarmönnum afhent skipunarbréf.

1. Jón Þór Víglundsson ræðir fyrirhugað nám hjá Slysavarnaskólanum Landsbjörgu (SL). Samsetning áhafna í sjóflokkum SL hefur breyst töluvert undanfarin ár. Áður fyrr voru sjóflokkarnir skipaðir sjómönnum. Þetta hefur breyst, svipað og hjá systursamtökum til dæmis í Bretlandi. Sjómenn orðnir í minnihluta sjálfbóðaliða, samskonar þróun og hér á landi.

Því hefur SL skoðað hvernig hægt er að stöðva þá þróun að mannskap vanti um borð í björgunarskipin. Þeir sem ekki ætla sér að starfa á sjó sjá ekki tilganginn með því að fara hefðbundna leið til að ná sér í réttindi. SL hefur því óskað eftir breytingu á lögum um áhafnir skipa til að ráðherra fái heimild til setningar reglugerðar um sérstakt nám á þeirra vegum.

SL kynnir námið fyrir ráðsmönnum. Félagið er með aðgang að námsefni frá Royal National Lifeboat Institution (RNLI) og aðgang að þeirra þjálfunaraðstöðu.

Jón Þór lætur námsefni ganga á meðal fundarmanna til skoðunar ásamt námsferli. Þetta er leiðin sem þeir vilja fara, sambland af námskeiði á netinu og staðarnámskeiði. Námið yrði undir hatti slysavarnaskóla sjómanna eða Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Leggja áherslu á að fólkið um borð sé vel þjálfað með það í huga að það starfar oft við verstu mögulegu aðstæður. Áréttað að ekki er farið fram á að þetta nám veiti nein atvinnuréttindi.

PÆP ræðir hvers vegna ekki er hægt að vinna málin eins og var gert áður. SL telur að þessi nýja leið sé einfaldlega betri. Þá nefnir PÆP sameiginlega umsögn tækniskólans og verkmenntaskólans á Akureyri. Þar bjóða þeir fram aðstoð við að hanna nám sem er sérsniðið að þörfum þeirra sem ætla að starfa í skipum slysavarnafélagsins. JÞV og BG segja þetta hafa verið skoðað en niðurstaðan væri að nám á forsendum SL yrði markvissara og betra fyrir sérstakar aðstæður SL. PÆP benti á að mikilvægt væri að ekki mætti undir neinum kringumstæðum slá af námskröfum eða gæði kennslu ef

farin verður þessi leið sem SL vill fara. Mikilvægt sé að námsefnið sé það sama og jafnvel mætti bæta í eins og kennt er til 15 m. réttinda í dag s.s. siglingafræði, alþjóðasiglingareglur, stöðuleiki, ROC fjarskiptaréttindi, kennsla í samlíki (simulator) o.s.frv. en hann segist hafa skiling á að sleppa megi greinum sem ekki er þörf fyrir í starfi skipstjórnarmanna á björgunarbátunum eins og t.d. fiskveiðar. enda eiga þessir aðilar ekki að fá nein atvinnuréttindi. Einnig sé mikilvægt að opinbert eftirlit verði með þessu námi eins og SL boðar

Umsögn félags skipstjórnarmanna snýr að ákalli um að koma á sérstökum skóla fyrir sjávarútveg og siglingar. PÆP fór í stuttu máli yfir þá umsögn og skýrði afstöðu FS sem hefur beitt sér fyrir því að skóla sjávarútvegs og siglinga verði komið á fót sem héldi utan um allt nám sem tengist greininni, allt frá grunnfræðslu upp á háskólastig.

HA (FVM) ræðir áherslu síns félags á að það sé réttindamaður sem sér um að viðhalda skipunum í landi. 13 skip sem eru staðsett hringinn um landið og enginn launaður starfsmaður SL sem sér um viðhaldið. Þá telur FVM réttara að horft sé til þess að finna sértækri menntun og þjálfun áhafna björgunarskipa farveg innan núverandi regluverks. Félagið sýnir samt sem áður þessari áskorun við mönnum skipanna fullan skilning.

Ásgrímur frá LHG talar um að þörfin sé fyrir hendi og það þurfi að finna lausn. Ræðir að ábyrgð SL sé mikil. Að það séu ekki skrifaðir út nemendur sem hafa ekki fengið þá þjálfun sem nauðsynleg er. Þarf að huga að reglum um hvenær má skrifa menn út á skipin.

Jón Þór segir að það verði eingöngu þeir sem munu halda utan um námið hjá SL sem geti skrifað undir að menn starfi um borð, ekki einstaka stjórnendur frá SL.

Spurt er um hvaðan kennararnir koma og fulltrúar SL nefna að það líti út fyrir að siglingafræðihlutinn verði kenndir af LHG sem muni taka þátt í að skrifa það námskeið sem verður svo lagt til samþykktar til Samgöngustofu. Rætt var um menntunarkröfur kennara en skv. áformum um lagasetningu verður sett sú takmörkun að SGS samþykki lista yfir kennara.

SL ræða um að þýðing og staðfæring á námsefninu muni taka þó nokkurn tíma og í millitíðinni kalla þeir eftir að settar verði reglur um að þeir sem höfðu réttindi til að starfa í gömlu skipunum hafi líka réttindi til að starfa í þeim nýju.

Menntaðir menn með hefðbundin réttindi munu alltaf ganga fyrir við störf í þessum skipum, skv. SL.

Ásgrímur LHG talar um mikilvægi handleiðslu reyndra manna og kemur aftur inná að það þarf að tryggja að menn sem hafa ekki fengið rétta þjálfun starfi ekki um borð sem skipstjórnarmenn eða vélgæslumenn.

Halldór (FVM) nefnir að ef það væri atvinnumaður í landi sem hefði yfirsýnina þá væri hægt að gera minni kröfur til þeirra sem eru um borð.

PÆP talar um að báðar vélar geta bilað á sama tíma, hvaða grunnkröfur eru gerður til þekkingar á þessum vélum? SL vísar í námsefnið sem hefur gefið góða raun í öðrum löndum. Kröfurnar eiga ekki að vera minni.

Guðmundur Ó (SVÞ) talar um áskorunina við að manna skipin og svo að námið sem er til staðar henti ekki fyrir þessa starfsemi. Skiptir máli að skipulagið sé mjög gott, svo það verði enginn freistnivandi til að setja menn um borð áður en þeir eru tilbúnir til þess þegar það kemur skyndilegt kall um að manna skipin. Áréttar að einhver reynsla þarf alltaf að vera til staðar. Gæðakerfi þarf að fylgja og eftirlit með að kröfur séu uppfylltar.

Fulltrúar SL tala um að árið 2030 í síðasta lagi standi til að þeir verði búnir að endurnýja öll 13 skipin. Og í framhaldi af því verður gerð endurnýjunaráætlun.

Björgunarbátasjóður rekur skipin, hann á þau ásamt SL. Það eru umsjónarmenn með skipunum alls staðar, en þeir fá ekki greidd laun fyrir þau störf.

2. Áform um frumvarp til breytingar á lögum um áhafnir skipa. Samróma álit nefndarmanna að ekki eigi að slá af kröfum um þjálfun og öryggi, engin atvinnuréttindi megi fylgja þessu námi og í reglugerðinni verði að taka sérstaklega á ábyrgðar- og tryggingamálum. Það er álit ráðsins að nauðsynlegt sé að finna leið til úrbóta í samvinnu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Samgöngustofu og Tækniskólans sem munu sameiginlega búa til námskrá fyrir námið. Námskrá og listi yfir kennara er háð samþykki og á ábyrgð Samgöngustofu. Samgöngustofa hefur eftirlit með náminu.

3. Þorsteinn Þorkelsson (SGS) heldur kynningu á öryggisáætlun sjófarenda. Glærur verða aðgengilegar fyrir ráðið eftir fundinn. Farið var yfir eftirfarandi:

- Uppgjör ársins 2024.
- Siglingaráð beðið um að hvetja aðila til að sækja um styrki til hugvitsmanna. Fá sem flest til að sækja um fyrir 15. maí. Hefur verið skipuð 3 manna nefnd til að yfirfara umsóknir undanfarin ár. Gerum ráð fyrir sama fyrirkomulagi núna. PÆP formaður mun skipa hóp í samræmi við reglur ráðsins.
- Áætlun ársins 2025.
- Breytingar á Atvik sjómenn sem eiga að auka möguleika á notkun þess mikið og fjölga notendum. Breytingarnar eiga einnig að bæta kerfið svo það veiti betri mynd af raunverulegri tíðni atvika á sjó.
- Losunarbúnaður björgunarbáta – verið að skoða ýmsa kosti en Samgöngustofa getur tryggt strax að staðsetning björgunarbáta sé skoðuð sérstaklega við skoðanir, til að tryggja að báturinn losni þegar þörf er á. Stofnunin hefur ákveðið að fara í slíkt átak á vormánuðum. Er það í samræmi við tillögur til öryggisáttar frá RNS í tilfelli Brekkunes ÍS 110 frá 2016. Kynningarefni um staðsetningu björgunarbáta verður gefið út af Samgöngustofu fljótlega.
- Björgunarvesti með neyðarsendi – Norðmenn vinna að innleiðingu á kröfu um þetta í bátum þar sem menn eru einir eða tveir um borð. Þá ætla fyrirhuga þeir að innleiða kröfur um að einyrkjar hafi tengilínu sem slekkur á vél. Þetta verður skoðað hér á landi einnig. Áherslan ætti að vera á því að búnaðurinn sé notaður, ekki nóg að gera kröfu um að hann sé um borð eins og dæmin sanna.
- Hættumat um borð: kröfur í reglugerð nr. 200/2007. Kennt í slysavarnaskóla sjómanna. En þessu hefur ekki verið fylgt eftir og 4 sinnum hefur RNSA gert athugasemdir við það. Samgöngustofa hyggst fylgja þessu eftir. Verður skoðunarþáttur frá 1. janúar 2026 og innleitt í skrefum. Agga verður ígildi hættumats í smábátum.
- Sérstök síða hjá Samgöngustofu sem er tileinkuð strandveiðum. Fundarmenn horfa á myndband um Ögguna sem sýnir hvernig hægt er að nota appið til að framkvæma hættumat áður en haldið er til sjós. Appið kostar ekki neitt.

PÆP spurði um innleiðingu á eigin skoðun skipa. Samgöngustofa mun veita upplýsingar um stöðuna.

Fannar frá Vegagerðinni: VG er með beiðni um að breyta leiðarmerkjum, spurning hvort siglingaráð sé góður vettvangur til að fjalla um þau mál. Liggur fyrir að það munu koma mikið af þessum umsóknum á næstu árum. Ræðir um að skipulagsvaldið hefur verið tekið af höfnunum í Haf- og strandsvæðaskipulagi þar sem hafnirnar ættu að hafa skipulagsvald. Samþykkt að taka þetta upp á næsta fundi. Skoða hvort rétt sé að formaður skipi vinnuhóp utan um þessi mál.

Björn (HÍ) ræddi um öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við Ísland en HÍ hefur áður bent á nauðsyn þess að slík úttekt verði gerð og skoða ætti norska skýrslu varðandi úttektina. Formaður sagði að umræða um öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa verði tekin á næsta fundi. M.a. kynning frá LHG.

Ákveðið að það verði fundað síðasta þriðjudag hvers mánaðar kl. 11. Formaður skipar 3 aðila í vinnuhóp til að vinna úr umsóknum um styrki til hugvitsmanna fyrir næsta fund svo hópurinn geti sett saman kynningu á efni umsóknanna.

Næsti fundur er áætlaður 27. maí kl. 11 hjá innviðráðuneyti.

Fundi slitið kl. 13.00.